



FRÉTTATILKYNNING - REYKJAVÍK / 24. ÁGÚST / 2021

TILNEFNINGAR TIL NORRÆNU KVIKMYNDAVERÐLAUNANNA 2021

Fimm kvikmyndir, tvær heimildamyndir og þrjár kvikmyndir í fullri lengd eru tilnefndar til Norrænu kvikmyndaverðlaunanna í ár. Alþjóðlegir kvikmyndagerðarmenn, leikstjórar og framleiðendur eru á meðal tilnefndra.

Nú rétt í þessu var Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn ((Nordisk Film & TV Fond) að senda út formlega tilkynningu frá Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Haugasundi hvaða fimm kvikmyndir frá Norðurlöndunum fimm (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð) hljóta tilnefningu til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2021 – mjög eftirsótt verðlaun sem verða veitt í 18. skiptið við hátíðlega athöfn 2. nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Á meðal tilnefndra má nefna kvikmyndagerðarmanninn Jonas Poher Rasmussen frá Danmörku (vinningshafa verðlauna á Sundance kvikmyndahátíðinni), framleiðandann Jussi Rantamäki frá Finnlandi (vinningshafi dómnefndarverðlauna á Cannes 2021), leikstjóra og framleiðandann Friðrik Þór Friðriksson frá Íslandi (sem tilnefndur var til Óskarsverðlaunanna fyrir Börn Náttúrunnar), leikstjóran Victor Kossakovsky (sem komst á stuttlista Óskarsverðlaunanna) og leikstjóran Ronnie Sandahl frá Svíþjóð (vinningshafa Dragon verðlaunanna í Svíþjóð).

Verðlaunin verða veitt kvikmynd í fullri lengd sem hefur listrænt gildi, er framleidd á Norðurlöndunum og gerð til sýningar í kvikmyndahúsum. Myndin verður að hafa verið frumsýnd í kvikmyndahúsum á tímabilinu 1. júlí 2020 til 30. júní 2021. Verðlaunaféð nemur 300 þúsund dönskum krónum og skiptist jafnt milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda enda er kvikmyndagerð sem listgrein afurð náins samspils þessara þriggja þátta.

Kvikmyndirnar fimm sem tilnefndar eru til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2021 eru:

Ísland - ALMA (titill á ensku: ALMA) eftir **Kristínu Jóhannesdóttur** (leikstjórn / handrit), Guðrún Edda Þórhannesdóttir, Friðrik Þór Friðriksson, Egil Ødegård (framleiðendur).

Danmörk - FLEE (titill á frummáli: FLUGT) eftir **Jonas Poher Rasmussen** (leikstjórn / handrit), Amin (handrit), Monica Hellström, Charlotte de la Gournerie, Signe Byrge Sørensen (framleiðendur).

Finnland - ANY DAY NOW (titill á frummáli: Ensilumi) eftir **Hamy Ramezan** (leikstjórn / handrit), Antti Rautava (handrit), Jussi Rantamäki, Emilia Haukka (framleiðendur).

Noregur - GUNDA (titill á frummáli: GUNDA) eftir **Victor Kossakovsky** (leikstjórn / handrit), Anita Rehoff Larsen (framleiðandi).

Svíþjóð - TIGERS (titill á frummáli: TIGRAR) eftir **Ronnie Sandahl** (leikstjórn / handrit), Piodor Gustafsson (framleiðandi).

Kvikmyndin sem hlaut verðlaunin árið 2020 var hin norska *Beware of Children* í leikstjórn Dag Johans Haugergud, en kvikmyndir sem hlotið hafa verðlaunin síðustu ári eru m.a. hin danska *Queen of Hearts* í leikstjórn May el- Toukhy, *Kona fer í Stríð (Woman at War)* í leikstjórn Benedikts Erlingssonar og hin finnska *Litte Wing* í leikstjórn Selmu Vilhunen og norska kvikmyndin *Louder than Bombs* í leikstjórn Joachim Trier ásamt dönsku kvikmyndinni *The Hunt* í leikstjórn Thomas Vinterberg.

Íslenskar kvikmyndir sem hlotið hafa hin eftirsóttu verðlaun eru *Hross í Oss* og *Kona fer í Stríð* í leikstjórn Benedikts Erlingssonar og *Fúsi* í leikstjórn Dags Kára.

Markmiðið með verðlaunum Norðurlandaráðs er að vekja áhuga á norrænum menningarsamskiptum og samstarfi um umhverfismál, svo og að veita verkefnum viðurkenningu sem skarað hafa fram úr á sviði lista og umhverfismála. Verðlaunin eiga jafnframt að vekja athygli á norrænu samstarfi og auka sýnileika þess.

Kynningarefni fyrir fjölmiðla

Hér er hægt að hlaða niður niðurstöðum dómnefndar, upplýsingum um kvikmyndagerðarmennina og allar almennar upplýsingar um tilnefnd verk Norrænu kvikmyndaverðlaunanna 2021 af ftp svæði verðlaunanna

<http://ncfp.nordiskfilmogtvfond.com> (Username: press2021 // Password: ncfp2021),

www.nordiccouncilfilmprize.com

Fylgstu með öllum fréttum frá verðlaunaafhendingunni:

<https://www.facebook.com/nordiskfilmogtvfond/>

<https://www.norden.org/is/kvikmyndaverdlaun-nordurlandarads>

Fyrir nánari upplýsingar um Norrænu kvikmyndaverðlaunin 2021

Ása Baldursdóttir asa@bioparadis.is sími 6611364